

**Gróðurfar á fyrirhuguðu vegstæði
Vatnshamravegar**

Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi

NÍ-98007

Reykjavík, júlí 1998

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 GRÓÐURFARSLÝSING	3
3 NIÐURSTÖÐUR	6
4 HEIMILDIR	7
MYNDIR	
Gróðurkort	4

1 INNGANGUR

Að beiðni hönnunardeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi var Náttúrufræðistofnun Íslands falið að leggja fram tiltæk gögn um gróðurfar á fyrirhuguðu vegstæði nýs vegar, Vatnshamravegar, sem er hluti af svonefndri Borgarfjarðarbraut. Hinn nýi vegur er að mestu í Andakílshreppi og er ætlað að liggja frá núverandi brú yfir Andakílsá að Uxahryggjavegi í landi jarðarinnar Hests. Þaðan verður lagður nýr vegur áfram yfir Grímsá við Fossatún að Hnakkatjarnarlæk, en sá hluti vegarins verður lagður ofan í gamla veginn þannig að ekki var ástæða til að gera þeim spotta sérstök skil. Gróðurlendi á námasvæðum við Fossamel í Andakíl og Mávahlíð í Lundareykjadal voru einnig skoðuð.

Gróðurkort í mælikvarða 1:20000 voru gefin út af Rannsóknastofnun landbúnaðarins árið 1977 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977a og b), en þau byggðust á vettvangsvinnu sem var unnin árið 1968. Kortið var teiknað á grunn A.M.S. frá árinu 1950. Þar eð gögnin sem gróðurkortin byggja á eru orðin 30 ára gömul, þótti rétt að ganga veglínuna og yfirfara gróðurgreininguna sem þar kemur fram. Sú vinna var unnin 25. júní 1998.

Ákveðið var að koma gróðurkortunum á stafrænt form til að sýna þau gróðurlendi sem veglínan kemur til með að liggja um. Á gróðurkortunum eru einnig sýnd landamerki jarða.

Eftir að kannaðar höfðu verið breytingar sem orðið höfðu á gróðurfarinu frá því að gróður- og landgreiningin sem sýnd er á kortinu var upphaflega gerð, voru merktir inn á kortið 16 staðir þar sem athugasemdir eru gerðar eða nýjum upplýsingum bætt við.

Hér á eftir verður þeim gróðurlendum, sem fyrirhugað er að vegurinn verði lagður um, lýst frá vestri til austurs, en jöfnum höndum verður vitnað í númeruðu athugasemdirnar á meðfylgjandi korti. Tekið skal skýrt fram að í lýsingunni er aðeins fjallað um gróðurlendi og landgerðir, en útbreiðsla einstakra háplantna, fléttna eða mosa var ekki athuguð eða skráð sérstaklega og því hvorki lagt mat á tegundafjölbreytni, sjaldgæfar tegundir né verndargildi þeirra í skýrslunni

2 GRÓÐURFARSLÝSING

Liðlega eitt hundrað metrum norðan við brúna yfir Andakílsá í landi Ausu skiljast gamli þjóðvegurinn og áætlaður vegur að. Á 200 m kafla að Skorradalsvegi nálægt gatnamótunum er veginum ætlað að liggja um mýri með mýrastör og gulstör (U8). Norðan Skorradalsvegar við gatnamótin liggur vegurinn í boga á 600 m kafla, um mýri með mýrastör og klóffífu (U7), að nær ógrónum mel, svonefndum Tíðamel (1. svæði). Þaðan liggur vegurinn eftir Tíðamel og síðan á um 800 m kafla eftir gamla Vatnshamraveginum. Á kortinu lendir vegurinn dálítið vestar og norðar en hann á í raun að liggja vegna teikniskekkju milli kortgrunnanna. Rauð heildregin lína er nær því að sýna rétt vegstæði miðað við kortgrunn gróðurkortsins.

Í krikanum við Tíðamel í landi Vatnshamra er nokkurt frávik í gróðurfari frá því sem kemur fram á gróðurkortinu (2. svæði). Þar er gróður fjölbreyttari og landið blautara en gengur og gerist í gróðurhverfinu mýrastör með klóffu (U7), en þarna er mýrin orðin að flóa. Minna er af klóffu með mýrastörinni, en í rásum eru vetrarkvíðastör, mýrafinningur og tjarnastör áberandi. Æskilegt væri því út frá verndarsjónarmiði að færa vegstæðið þarna á liðlega 100 m kafla til norðurs upp á melinn.

Þegar komið er austur fyrir gamla veginn tekur að mestu við óvenju blaut mýrastararmýri með fjölbreyttum starungsgróðri (3. og 4. svæði). Vegna þess hve mýrin er blaut eru vetrarkvíðastör, tjarnastör, klóffu og mýrafinningur talsvert áberandi, án þess að geta talist ríkjandi tegundir. Gulstör kemur einnig fyrir á þessum slóðum. Melhryggur sem er hálfgróinn mosabembu með grösum og smárunnum (A8), sker mýrina í sundur á milli 3. og 4. svæða á 100 metra kafla. Rétt sunnan við vegastæðið (3. svæði) er merktur klóffuflói á bletti (V3), en norðan við kortið (4. svæði) er annar slíkur blettur sem fyrir mistök hefur verið merktur á kortið sem vatn en á að vera V3. Mýrin með flóablettunum er nokkuð bitin en óframræst, þannig að æskilegt er að hlífa henni sem mest fyrir öllu raski sem leitt getur til þess að hún þorni smám saman upp.

Næsta jörð sem vegurinn fer um, eru Kvígsstaðir og lenda nærri 2,5 km af þessari 6,5 km leið innan marka þeirrar jarðar. Þegar komið er inn fyrir landamerki jarðarinnar liggur vegstæðið á 600 m kafla um meira en hálfgróid melholt. Það er gróid mosabembu með grösum og smárunnum (A8) (5. svæði). Þar sleikir hann líka minniháttar votlendisræmur sem virðast ekki vera á neinn hátt sérstæðar.

Á næsta 300 m kafla fer vegurinn um óframræsta mýri með mýrastör og klóffu (U7) (6. svæði). Sú mýri er allblaut, vaxin vetrarkvíðastör, tjarnastör og mýrafinningi eins og á 3. og 4. svæði, en greinilegt er að klóffan hefur minnkað síðan gróðurgreiningin fór fram fyrir 30 árum. Þegar mýrinni sleppir verður á veginum eitt melholtið enn, lítt gróid á um 200 m kafla.

Næst liggur vegurinn um votlendi sem merkt er á kortið sem mýri með mýrastör og klóffu (U7) (7. svæði). Þarna er landið sundurgrafið af skurðum, en á þessum stað hafa skurðir verið teknir út úr veggönnunarteikningunni og prentaðir ofan í gróðurkortinu. Þessir skurðir eru nú meira og minna stíflaðir, hálffullir af vatni. Þarna hefur landbreytingin gengið til baka, þannig að landið er jafnvel enn blautara en fyrir 30 árum og yrði í dag flokkað sem klóffuflói (V3).

Túnið, sem merkt er inn á kortið, er teiknað meira en 100 metrum of langt til suðurs miðað við þau ummerki sem til staðar eru 30 árum eftir að gróðurgreiningin var gerð. Á gróðurkortinu hefur því verið bætt inn svartri brotinni línu um það bil þar sem mörk túnsins eru nú. Vegurinn fer næst um þetta gamla tún (R3) sem er komið í órækt (8. svæði). Þeim hluta túnsins sem er í brekkunni hefur aftur á móti verið haldið í sæmilegri ræktun.

Fyrir austan túnið fer vegurinn á um 500 m kafla um jaðar stórs votlendissvæðis sem flokkað er með þremur óaðgreindum gróðurhverfum; mýri með mýrastör og klóffu (U7), flóa með vetrarkvíðastör (V5) og mýri með mýrafinningi og mýrastör (U12) (9. svæði). Votlendið hefur verið ræst fram með skurðum sem virðast ekki vera svo ýkja

gamli. Vegna framræslunnar virðist vetrarkvíðastararflóinn (V5) að mestu leyti horfinn.

Norðan við fyrrnefnt votlendi fer vegurinn um meira en 30 ára gamalt tún sem komið er í órækt (R3) (10. svæði). Það sama má segja um annað tún sem tekur við af hinu til norðurs, en það er ekki sýnt á gróðurkortinu vegna þess að það er talsvert yngra en kortið (11. svæði). Samtals fer vegurinn þarna um tún á liðlega 500 m kafla. Frá því að túnunum sleppir og að læk þeim er skiptir merkjum á milli Kvígsstaða og Hests, tekur við jaðar eða hálfdeigja þar sem grös og starir eru ríkjandi, en einnig er þar mikið af klóffu (12. svæði).

Vegurinn liggur á kílómeters kafla um land Hests þar til hann tengist gamla vegstæðinu. Fyrstu 400 metrarnir liggja í gegnum tún sem eru nytjuð og í góðri rækt (R2) (13. svæði). Norðan þeirra liggur vegurinn í gegnum mjótt mýrarsund sem merkt er á kortið sem jaðar með grösum og störum (T5), en reynist nú vera blaut mýri með talsverðri klóffu (14. svæði).

Á þeim 5 km kafla sem eftir er út að gamla veginum koma fyrir tvö gróðurhverfi. Þar er um að ræða nýgræðu á mel (15. svæði) og mýri sem gengur inn á milli tveggja tungna í melnum (16. svæði). Nýgræðan sem er með grösum, var sögð hafa „þ-“ þekju sem merkir að gróðurþekjan hafi verið metin um 1/3. Síðan þá hefur hún aukist og er nú nær því að vera 2/3. Mýrin, sem fer undir veginn, er aftur á móti hluti af stærra gróðurhverfi sem samanstendur af óaðgreindum gróðurhverfum; flóa með vetrarkvíðastör (V5), mýri með mýrafinnungi og mýrastör (U12) og mýrastararmýri (U5).

Athugun á gróðurfari á námasvæðunum leiddi eftirfarandi í ljós. Í landi Mávahlíðar er uppgæddur melr með lítilli gróðurhulu. Á svæðinu við Fossamela er tún á mel og malarnám.

3 NIÐURSTÖÐUR

Á þeirri 6,5 km löngu leið sem nýja veginum er ætlað að liggja um og hér hefur verið nefndur Vatnshamravegur, fundust ekki sérstæð gróðurlendi á lands- eða héraðsvísu út frá gróðurfarslegu sjónarmiði. Gróðurlendin sem áætlað er að vegurinn muni liggja um eru öll algeng í nágrenninu. En eins og fyrr er tekið fram í þessari skýrslu er ekki lagt mat á útbreiðslu og verndargildi einstakra plöntutegunda.

Þegar borin eru saman nýja og gamla vegstæðið, kemur í ljós að gamli vegurinn var lagður eftir hryggjum til að forðast votlendið, en áætlað er að nýi vegurinn verði að mestu lagður um votlendi. Þótt gegndarlaus framræsla hafi verið stunduð frá miðbiki þessarar aldar og langt fram á níunda áratuginn, hefur votlendið, sem nýi vegurinn kemur til með að liggja um í landi jarðanna Ausu og Vatnshamra, nær ekkert verið ræst fram. Það er mikil eftirsjá í öllu votlendi sem er raskað og breytt í þurrlandi. Lagt er til að reynt verði að hlífa votlendinu í krikanum við Tíðamel (2. svæði) og einnig væri æskilegt út frá gróðurfarslegum sjónarmiðum að hliðra veginum til á 3., 4. og 6. svæðum, einnig til þess að hlífa votlendinu.

Á námasvæðunum koma ekki til með að fara forgörðum verðmæt gróðurlendi.

4 HEIMILDIR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977a. Gróður- og jarðakort, Bær, kortblað 111NA, Reykjavík.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977b. Gróður- og jarðakort, Hestur, kortblað 111SA, Reykjavík.